

Vesturbyggð  
Aðalstræti 75  
450 PATREKSFJÖRÐUR

Garðabær, 6. maí 2024  
Málsnúmer: 202403-0062  
BK

## Efni: Deiliskipulag heilsuseturs á Krosseyri

Vísað er í tölvubréf frá Vesturbyggð sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 25. mars 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna endurskoðaðrar tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Krosseyri í Geirþjófsfirði.

Um er að ræða uppbyggingu á heilsusetri. Í deiliskipulaginu verður heimilt að stækka núverandi íbúðarhús í allt að 200 m<sup>2</sup>, byggja allt að 200 m<sup>2</sup> hús undir yogaiðkun og fleira. Einnig fjögur lítil gistihús (<20 m<sup>2</sup> hvert), tvö frístundahús (allt að 120 m<sup>2</sup> hvort) og tvö bátaskýli (50 m<sup>2</sup>)

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn, dags. 24.maí 2022, um fyrri tillögu sama máls. Helsta breytingin sem orðið hefur á tillögunni er að nú er búið að kortleggja fornminjar innan svæðisins og hliðra til byggingarreitum með tilliti til þeirra.

Fyrri athugasemdir Náttúrufræðistofnunar eiga enn við. Þar kom m.a. fram að fjalla þurfi betur um framkvæmdaþætti tengda öflun neysluvatns og frárennsli. Ekki kemur fram áætlaður hámarksfjöldi gistirýma í heilsusetrinu. Umfjöllun um samgöngur vantar í deiliskipulagið en gert er ráð fyrir flotbryggju við Krosseyri. Þá vantar umfjöllun um raflagnir, fjarskiptasamband, og losun sorps. Eins væri þörf á að fjalla um hættumat varðandi sjávarflóð, snjóflóð eða skriðuföll í deiliskipulaginu.

Sett eru skilyrði um að mænishæð húsa megi ekki vera meiri en 6 m frá botnplötu en byggingareitir ná samt upp í hliðar fjallsins í allt að 60 m hæð yfir sjávarmáli.

Þá eru mörk deiliskipulags sögð vera um 4,2 ha en eru umtalsvert stærri af uppdrætti að dæma.

Líkt og fram kemur í greinargerðinni, þá er Geirþjófsfjörður á C-hluta náttúruminjaskrár:

310. Geirþjófsfjörður, Vesturbyggð (áður Bildudalshr.), V-Barðastrandarsýslu. (1) Geirþjófsfjörður innan Krosseyrartanga og Ófæruneess. Að norðan ráða sýslumörk, að suðaustan hreppamörk og vatnaskil að sunnan. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi.

Þá flokkast svæðið einnig undir óbyggð víðerni.

Hér er um að ræða umtalsverða uppbyggingu á lítt snortnu svæði fjarri mannabyggð sem mun raska gróðri og hafa áhrif á ásýnd svæðisins og landslag þar sem eyrin er vel sýnileg frá mörgum stöðum við Suðurfirði.

Í ljósi verndargildis svæðisins er það mat Náttúrufræðistofnunar að gera þurfi betur grein fyrir áhrifum á landslag, m.a. með ásýndarmyndum sem sýna hvernig fyrirhugaðar byggingar koma til með að líta út frá mismunandi sjónarhornum.



Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, svið náttúruverndar

